


Höggmyndir í rekavið

— á sýningu Sæmundar Valdimarssonar að Kjarvalsstöðum

„Þetta er allt höggvið úr rekaviðardrumbum," sagði Sæmundur Valdimarsson um sýningu sína á Kjarvalsstöðum sem staðið hefur frá 17. mars og lýkur 1. apríl. Á sýningunni eru 18 verk eftir Sæmund og þetta er hans fyrsta einkasýning, en hann hefur áður sýnt tvisvar á samsýningum. Sæmundur er Barðstrendingur að uppruna og var búsettur þar til fullorðinsára en fluttist til Reykjavíkur 1948. Hann fór að setja saman myndir úr steinum og rekaviði 1970 og hefur gert það stöðugt síðan.

„Ég reyni fyrst að sjá hvað er í hverjum drumbi, hverju er hægt að ná, eftir lögun og stærð. Og svo sem ég sögu um hvert verk. Þetta verk heitir Misrétti, t.d. þessi drengur er beiskur af því hann telur sig beittan misrétti, hann er vanskapaður. Það er nefnilega misrétti víðar en í þjóðfélaginu, það er misrétti í náttúrunni líka."

Sýningu Sæmundar Valdimarssonar lýkur 1. apríl nk. -óbg.


Sinfóníutónleikar:

Fjölbreytt dagskrá

Þrettándu áskriftatónleikar Sinfóníuhljómsveitarinnar á þessu starfsári verða í Háskólabíói í kvöld. Á efnisskrá verða fjögur verk: Þjóðvísa eftir Jón Ásgeirsson, Andante spianato e Grande Polonaise Brilliante eftir Chopin, Pianókonsert nr. 1 eftir Prokofieff og Konsert fyrir hljómsveit eftir Bartok.

Stjórnandi verður bandarískur hljómsveitarstjórinn Robert Henderson. Hann hóf hljóðfæranám fjögurra ára gamall og nám í hljómsveitarstjórn og tónsmíðum ekki ýkja löngu síðar. Stjórnaði flutningi á eigin tónsmíð 13 ára og vann til tónlistarverðlauna 16 ára. Hann er nú aðalstjórnandi sinfóníuhljómsveitarinnar í Little Rock, Arkansas, Bandaríkjunum.


Roger Woodward pianóleikari hefur lengi verið í hópi eftirsóttustu píanista í heimi. Hann kom fyrst fram opinberlega í London 1971 og hefur síðan verið lítið lát á tónleikahaldi þar sem hann hefur komið fram með fjölda þekktra hljómsveitarstjóra. -óbg.




Robert Henderson hljómsveitarstjóri.

Arkitektar — Verkfræðingar — Byggingameistarar — Húseigendur

TÆKNI-NÝJUNG Á ÍSLANDI







CEMENTA ab Sviþjóð er eitt elsta fyrirtækið í Evrópu með þessa nýjung.

1. Cementa gólfílagningarefni sem stenst allar þær gæðakröfur er til þarf í íbúðarhúsum og öðrum mannvirkjum.
2. Með þessu efni þurfa múrarar ekki að bogra við að strauja gólf eða að skríða á fjórum fótum við að pússa þau.
3. Fljótandi efni sem leggur sig sjálft og verður algjörlega lárétt (spegilslétt).
4. Mun ódýrara en gamla aðferðin.
5. Þornar á 24 tímum.
6. Fyrir ný sem gömul gólf (getum rétt af gólf allt út í 1 mm).
7. Hagstæðir greiðsluskilmálar á efni og vinnu. Dæmi: Þú greiðir 30% út og eftirstöðvar á allt að 6 mánuðum.

Allar upplýsingar gefur Gunnar F.E. Magnússon múrari í síma 20623 kl. 12—13 og 18—22.